

8. fundur stjórnar AP, starfsárið 2016-2017

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík þriðjudaginn 6. júní 2017 kl. 15:00

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Arnar Guðmundsson, Björn Víkingur Björnsson, Guðmundur Vilhjálmsson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

1. Ársreikningar 2016

Fyrir liggur endurskoðaður ársreikningur félagsins fyrir árið 2016 áritaður af löggiltum endurskoðendum þess – PwC – án athugasemda. Farið var yfir ársreikninginn og einstaka liðir hans útskýrðir eftir atvikum. Rekstrartekjur eru 43,3 mkr., rekstrargjöld 41,6 mkr., rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði 1,7 mkr. Fjármagnsliðir eru jákvæðir um 0,5 mkr. og rekstarniðurstaða fyrir skatta jákvæð um 2,2 mkr., tekjuskattur 0,4 mkr. og rekstarniðurstaða ársins 1,8 mkr. Heildareignir eru 30,7 mkr. og þar af eru fastafjármunir 1,7 mkr. og lækka verulega milli ára vegna niðurfærslu á bókfærði verði hlutafjäreignar félagsins. Veltufé er 29,0 mkr. og þar af handbært fé 23,7 mkr. Eigið fé er 4,9 mkr., skuldbindingar vegna eigna fyrrum Kísilgúrsjóðs 11,8 mkr. og aðrar skuldir 14 mkr. og hækka nokkuð á milli ára vegna ógreiddra styrkvilyrða Brothættra byggða sem félagið milligengur.

Endurskoðunarbréf var ekki tilbúið hjá endurskoðanda en verður sent stjórnarmönnum um leið og það liggur fyrir, einhvern næstu daga.

Að umræðu lokinni var ársreikningurinn borinn upp, samþykktur samhljóða og undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Fyrir liggur endurskoðaður ársreikningur VAXNA 2016, áritaður af löggiltum endurskoðanda samningsins – PwC – án athugasemda. Farið var yfir reikninginn og gerði framkvæmdastjóri grein fyrir efni hans.

Að umræðu lokinni var reikningurinn borinn upp, samþykktur samhljóða og undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

2. Aðalfundur félagsins – hvatningarverðlaun - málþing

Samþykkt að boða til aðalfundar félagsins fyrir starfsárið 2016 miðvikudaginn 21. júní nk. kl. 14:00 á Hótel Eddu á Stórutjörnum.

Rætt um mögulegar tilnefningar vegna hvatningarverðlauna félagsins og framkvæmdastjóra falið að kanna nánar bakgrunn þeirra tilnefninga sem ræddar voru.

Rætt um efni málþings sem venja hefur verið að halda í framhaldi af aðalfundarstörfum. Samþykkt að taka til umfjöllunar samfélagsáhrif Vaðlaheiðarganga út frá sjónarhóli íbúa, sveitarfélags og atvinnulífs. Framkvæmdastjóra falið að ræða við mögulega frummælendur.

3. Erindi Mývatnsstofu ehf. vegna hlutafjárakingar og endurskipulagningar á starfsemi

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu en fyrir liggur að félagið stefnir að 20 mkr. hlutafjárakingu. Samþykktum félagsins hefur verið breytt þannig að ekki er lengur um að ræða forkaupsrétt hluthafa. Einnig liggur fyrir greinargerð um endurskipulagningu á starfsemi félagsins í ljósi breyttra aðstæðna á ferðamannamarkaði.

Samþykkt að félagið kaupi nýtt hlutafé í Mývatnsstofu ehf. fyrir allt að kr. 500 þús. enda gangi hlutafjárakingin eftir eins og að er stefnt.

4. Brú lífeyrissjóður – erindi vegna viðbótarframlags

Fyrir liggur erindi frá Brú lífeyrissjóði vegna 4,5% viðbótarframlags launagreiðenda frá og með 1. júní 2017. Frá sama tíma lækkar grunnframlag um 0,5% þannig að heildarhækkun framlagsins fer úr 12% í 16%. Ofangreindar breytingar eru til komnar vegna setningar laga nr. 127/2016. Erindið kynnt og staðfest af stjórn.

5. Samkomulag við THORGES ehf.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að samkomulagi við THORGES ehf – Þórarinn Sveinsson um vinnu vegna innviðastyrkingar fyrirtækja á starfssvæðinu.

Farið yfir drögin og þau rædd. Framkvæmdastjóra veitt umboð til að ljúka samningsgerðinni á þeim forsendum sem kynntar voru.

6. Edge of the Arctic – ráðstöfun léns og vörumerkis til Norðurhjara

Framkvæmdastjóri óskaði heimildar til að gera samning við Norðurhjara um notkun á léninu edgeoftheartic.is og vörumerkinu sem er skrásett og eign atvinnuþróunarfélagsins. Um væri að ræða notkunarsamning en eignarhald á hvoru tveggja yrði áfram hjá félaginu. Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri vakti athygli á málþingi sem fram fer á morgun í Hofi um raforkumál á Norðurlandi. Málþingið er haldið í samstarfi Eyþings, SSNV, AFE og AP. Fram kom að samstarfið við AP um undirbúning þess hefði verið lítið og að ástæða væri til þess að koma athugasemdum á framfæri við Eyþings þess vegna.
- b) Framkvæmdastjóri vakti athygli á því hvort ekki væri rétt að félagið hefði frumkvæði að því að sveitarfélögin á starfssvæðinu mótuðu sameiginlega atvinnustefnu. Stjórn sammála því og samþykkt að fela framkvæmdastjóra að koma málinu á framfæri við sveitarfélögin í gegnum Héraðsnefnd Þingeyinga bs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30